

LV-2018-080



Landsvirkjun



# Viðhald fokgirðinga á bökkum Háslóns 2018



## Lykilsíða



Skýrsla LV nr: LV-2018-080

Dags: nóvember 2018

Fjöldi síðna: 15

Upplag:

Dreifing:

- Birt á vef LV
- Opin
- Takmörkuð til

Titill: Viðhald foggirðinga á bökkum Háslóns 2018

Höfundar/fyrirtæki: Reynir Þorsteinsson / Landgræðsla ríkisins

Verkefnisstjóri: Reynir Þorsteinsson (Lr) / Árni Óðinsson (LV)

Unnið fyrir: Landsvirkjun

Samvinnuaðilar: \_\_\_\_\_

Útdráttur: Í júlí 2018 annaðist Landgræðsla ríkisins að beiðni Landsvirkjunar viðhald foggirðinga á bökkum Háslóns.

Lykilorð: Foggirðingar, Háslón, Kringilsárrani

ISBN nr:

Samþykki verkefnisstjóra  
Landsvirkjunar

A handwritten signature in blue ink, appearing to be "Árni Óðinsson", written over a horizontal line.



## LANDGRÆÐSLA RÍKISINS

Skýrsla nr.: LR-2018/23

Blaðsíður: 15

Dagsetning: 24. október 2018

**Heiti:** Viðhald fokgirðinga á bökkum Háslóns 2018

**Höfundur:** Reynir Þorsteinsson

**Ljósmyndir:** Reynir Þorsteinsson

**Verkefnisstjóri:** Reynir Þorsteinsson

**Unnið fyrir:** Landsvirkjun

**Samstarfsaðili:**

**Útdráttur:** Í júlí 2018 annaðist Landgræðsla ríkisins að beiðni Landsvirkjunar viðhald fokgirðinga á bökkum Háslóns.

**Efnisorð:** Fokgirðingar, Háslón, Kringilsárrani.

Undirskrift verkefnisstjóra

# Viðhald fokgirðinga á bökkum Háslóns 2018





## Efnisyfirlit

Inngangur.....	3
Viðhald fofgirðinga.....	3
Haugsett fofgirðingarefni.....	10





## Inngangur

---

Samkvæmt samningi nr 2206 sem dagsettur er 1. febrúar 2018 annaðist Landgræðslan á árinu 2018 ýmis verkefni fyrir Landsvirkjun og þar á meðal viðhald fokgirðinga á bökkum Háslóns. Tveir starfsmenn Landgræðslunnar, Reynir Þorsteinsson og Sigurður Smári Davíðsson voru að störfum í Kringilsárrana dagana 2.-3. júlí. Ljósmyndir í skýrslunni voru teknar í sömu ferð.

## Viðhald fokgirðinga

---

Farið varið var með fokgirðingum í Kringilsárrana og norðan Kringilsár og þær lagfærðar. Lítið þurfti að langfæra girðingarnar að undanskildum girðingum á norðausturhorni Kringilsárranans. Grafist hafði undan girðingunum á tveimur stöðum. Annarsvegar hafði grafist undan syðstu girðingunni (mynd 1) en hún var styttn sem því nemur og efnið úr henni sett í haug sem verður fjarlægður í vetur. Haugurinn er númer 9 á korti 1. Ekki þótti ástæða til að setja nýja girðingu í stað þeirrar sem fjarlægð var þar sem lónbakkinn er það hár á þessum stað að ekki eru líkur á að áfok verði úr lónstæðinu.



**Mynd 1.** Grafist hefur undan syðstu fokgirðingunni.

Hins vegar hafði líka grafist undan hluta fyrstu girðingarinnar sem liggur í vestur á norðausturhorni Ranans (mynd 2). Var sá hluti girðingarinnar færður úr lónstæðinu og settur niður uppá lónbakkannum. Á þessum stað er lítilsháttar áfok og var því lág plastgirðing sett upp til að stöðva það (mynd 3). Plastgirðingin er rauðmerkt á korti 1 og er hún austasta rauða girðingin á loftmyndinni.



**Mynd 2.** Fokgirðing vinstra megin á myndinni hefur verið færð uppá bakkann.





**Mynd 3.** *Plastgirðing hefur verið sett upp til að stöðva áfok.*



Plastgirðingar voru settar upp á tveimur öðrum stöðum í Rananum þar sem hætta var talin á að áfok yrði en á þessum stöðum voru geilar í lónbakkannum og sandurinn í lónstæðinu á því auðveldara með að fjúka uppá bakkann (myndir 4 og 5). Lítið sem ekkert áfok var á þessum stöðum.



**Mynd 4.** *Plastgirðing var sett við geil í lónbakkannum.*





**Mynd 5.** *Plastgirðing var sett þar sem hætta var á áfoki.*



Farið var með fokgirðingum norðan Kringilsár og þær lagfærðar. Óverulegt áfok sást á tveimur stöðum en ekki þótti ástæða til að setja nýjar girðingar við það. Fokgirðingarnar eru talvert inná gróðurbakkanum og nær lónið ekki að þeim í verstu veðrum eins og sjást mátti á morinu sem situr eftir þegar lækkar í lóninu (myndir 6 og 7). Þar sem fokgirðingarnar standa talsvert ofan við strandlengju Háslóns og landhalli er það mikill að lónið nær ekki í efstu stöðu að þeim, auk þess sem áfok er varla teljanlegt þykir ekki ástæða til þess að fokgirðingarnar standi lengur. Lagt er til að þær verði fjarlægðar áður en það fer að koma að viðhaldi á þeim sökum aldurs.




**Mynd 6.** Morið nær ekki að fokgirðingunum.



**Mynd 7.** Lónið gengur uppá gróið land í verstu veðrum.



# Haugsett fokgirðingarefni



**Kort 1.** Yfirlit yfir stöðu fokgirðinga í Kringilsárrana sumarið 2018.

Í byrjun júlí 2017 voru fokgirðingar rifnar niður í Kringilsárrana þar sem þeirra var ekki þörf lengur. Efnið úr þeim var sett í hauga og hluti af þeim fjarlægður veturinn eftir. Erfitt var að komast í efnið þar sem það var frosið niður og snjór hafði sest að því. Hauganir voru því endurhlaðnir til að auðvelda vinnu við að fjarlægja þá. Var það gert um leið og viðhald fokgirðinganna fór fram 2.-3. júlí 2018 og bættist einn haugur við þar sem rifin var niður hluti af einni girðingu sem syðst er í Rananum. Staðsetning hauganna var mæld með GPS tæki og á korti 1 er staðsetning hauganna sýnd sem og GPS punktar þeirra. Myndir voru teknar af haugunum til auðvelda þeim sem fjarlægja þá að áætla umfang verksins. Myndirnar má sjá á næstu síðum (myndir 8 – 16).





**Mynd 8.** Haгур нúmer 1



**Mynd 9.** Haгур нúmer 2





**Mynd 10.** Haгур нúmer 3



**Mynd 11.** Haгур нúmer 4





**Mynd 12.** Haгур númer 5



**Mynd 13.** Haгур númer 6





**Mynd 14.** Haгур нýмер 7



**Mynd 15.** Haгур нýмер 8





**Mynd 16.** Haugur númer 9



Landsvirkjun

Háaleitisbraut 68  
103 Reykjavík  
landsvirkjun.is

landsvirkjun@lv.is  
Sími: 515 90 00

